

Auglýsing um kjör leikmanna til kirkjuþings

Í vor verður kosið til kirkjuþings til fjögurra ára. Fulltrúar á kirkjuþingi eru 29, 17 leikmenn og 12 vígðir menn, þ.e.djáknar og prestar.

Kosningarnar verða rafrænar og verða auglýstar sérstaklega.

Um kosningu leikmanna gildir að þjóðkirkjufólk sem uppfyllir skilyrði til að vera í sóknarnefnd í kjördæmi sínu, er kjörgengt til kjörs á kirkjuþing, enda tilnefni sóknarnefnd viðkomandi á sérstökum kjördæmisfundum fulltrúa allra sóknarnefnda kjördæmisins. Kjördæmisfundur ákveður endanlegar tilnefningar til kjörs í viðkomandi kjördæmi.

Til að geta boðið sig fram til kjörs við kirkjuþing 2010 þarf auk þess að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Að hafa hlotið skírn og vera skráður í þjóðkirkjuna þann 1. febrúar 2010.
2. Að hafa náð sextán ára aldri þann 1. febrúar 2010.
3. Að hafa átt lögheimili í viðkomandi sókn þann 1. desember 2009.

Þeir einir eru í kjöri sem tilnefndir hafa verið af kjördæmisfundum. Kjörstjórn við kirkjuþingskjör boðar þessa kjördæmisfundum sérstaklega, en þeim skal vera lokið eigi síðar en 15. mars 2010. Kosning fer fram í framhaldi af því.

Þeir sem hafa áhuga á að verða tilnefndir til kjörs á kjördæmisfundum þurfa að hafa samband við sóknarnefnd sína fyrir 1. mars 2010. Sóknarnefnd er heimilt en ekki skylt að verða við þeim tilmælum.

Auk þeirra sem kunna að hafa boðið hafa sig fram við sóknarnefnd getur sóknarnefnd í hverju kjördæmi tilnefnt kjörgenga menn til kjörs til kirkjuþings og skilar fulltrúi sóknarinnar á kjördæmisfundum þeim tilnefningum inn á fundinn.

Reykjavík, 3. febrúar 2010

F.h. Kjörstjórnar

Anna Guðrún Björnsdóttir, form.